



Reykjavík, 18.nóvember 2014

ÚRSKURÐUR

Aganefnd KLÍ fundaði þriðjudaginn 18.nóvember 2014 vegna dómaraskýrslu frá Valgeiri Guðbjartssyni, dags. 13. nóvember 2014, þar sem tilkynnt var að lið KFR-Þrasta hefði ekki verið í samstæðum bolum í 32. liða úrslitum bikarkeppni liða karla sem fram fór sama dag. Einn leikmanna liðsins, Sigurður Valur Sverrisson, var í öðruvísi bol, eða eins og segir í dómaraskýrslunni:

„Einn leikmanna KFR Þrasta var í annars konar bol en hinir liðsmenn, reyndar sami litur (rauður) en önnur gerð og með „Ísland“ á bakinu og fánann að framan – landsliðsbúningur... leikmaður: Sigurður Valur Sverrisson.

Fyrirliða KFR – Þrasta (Guðna Gústafssyni) var gert kunnugt um að betta „búningabrot“ yrði tilkynnt“

Í 18. gr. reglugerðar KLÍ um keilumót segir:

„Búningar.

Allir leikmenn liðs skulu vera í eins keppnistreyjum af sama lit og sömu gerð. Karlar skulu vera í síðbuxum af sama lit og sömu gerð, en konur mega vera í síðbuxum, pilsum eða stuttbuxnadressi af sama lit og sömu gerð.

Dómari skal veita hverjum þeim leikmanni áminningu sem ekki fylgir þessu ákvæði.

Í A-mótum, sem og öllum mótum sem sjónvarpað er frá, er óheimilt að leika í gallabuxum. Sé einhver þannig klæddur að ósæmilegt megi teljast, getur móttstjóri/dómari bannað honum að keppa, nema ráðin sé bót á því.“

Í 7. gr. reglugerðar KLÍ um aganefnd KLÍ segir:

„Ef leikmenn liðs leika ekki allir í eins búningum, eins og kveðið er á um í reglugerð um keilumót, er aganefnd heimilt að dæma félagið í allt að 5.000 kr. sekt.“

Úrskurðarorð

KFR-Þrostur greiði KLÍ sekt að fjárhæð kr. 2.500 kr.

Bragi Már Bragason, formaður aganefndar
Ólafur Páll Vignisson